

er bannaður allur flutningur á búfé til lífs frá þeim bæjum innan svæðisins, þar sem garna veiki hefur fundizt. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum, samkvæmt lögum nr. 23/1956.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. júlí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur
nr. 164/1962, sbr. breytingu nr. 235/1963, sbr.
breytingu nr. 166/1965, svo hljóðandi:

1. gr.

Í stað kr. 5.87 í 3. gr. komi kr. 7.63.

2. gr.

Í stað kr. 33.00 í a-lið 4. gr. komi kr. 66.00, í stað kr. 82.50 í b-lið komi kr. 150.00, og í stað kr. 297.00 í c-lið komi kr. 300.00.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Heimæðagjald Hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæða- gjald			
Allt að 400	25 000 kr.			
400 — 2000	25 000	— fyrir	400 m ³ —	20.00 kr./m ³ þar yfir
2000 — 6000	57 000	— —	2000 — —	17.00 — —
6000 — 10000	125 000	— —	6000 — —	15.00 — —
Meira en 10000	185 000	— —	10000 — —	13.00 — —

Nú er fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitunni, og skal þá greiða kr. 3000 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

4. gr.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, 8. grein, svo hljóðandi: Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

5. gr.

Breytingar þessar öðlast gildi 1. júlí 1966.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir hús, sem hafa sérkyndingu og eru á þeim svæðum, sem hitaveituáætlunin 1961 náði til, skulu heimæðagjöld haldast óbreytt frá því, sem þau voru í gjaldskrá samþ. í borgarstjórn Reykjavíkur 22. júlí 1965, staðfest af félagsmálaráðuneytinu 10. ágúst s. á.

Þetta gildir þó aðeins fyrir hús, sem tengd eru við hitaveituna fyrir 1. júlí 1967.

Fyrir hús í nýjum hverfum, sem ekki fá hitaveitu um leið og húsin eru byggð, er borgarráði heimilt að ákveða afslátt af nýju heimæðagjöldunum, ef fullnægjandi kynditæki hafa verið sett í húsin áður en þau eru tengd hitaveitunni.

Verðhækkun sú, sem ákveðin er með þessari gjaldskrá, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt mælaálestri í ágúst skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 10% álagi.
2. Notkun samkvæmt mælaálestri í september skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 20% álagi.
3. Notkun samkvæmt mælaálestri í október skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur mæla fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í ágúst greidd með einingarverði gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940.

Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1966.

Magnús Jónsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

**um fasteignaskatt í Blönduóshreppi,
Austur-Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Blönduóshreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1966.

Magnús Jónsson.

Hallgrimur Dalberg.